



**Reykjavíkurborg**  
Skóla- og frístundasvið

# **Viðhorf foreldra barna hjá dagforeldrum sumar 2014**



**Tölfræði- og rannsóknþjónusta  
október 2014**



## Efnisyfirlit

---

|                                                            |    |
|------------------------------------------------------------|----|
| INNANGANGUR .....                                          | 4  |
| NIÐURSTÖÐUR .....                                          | 5  |
| Svarendur .....                                            | 5  |
| Val á dagforeldri .....                                    | 7  |
| Viðhorf til fyrirkomulags á daggæslu yngstu barnanna ..... | 11 |
| Ánægja með þjónustu dagforeldra .....                      | 15 |
| Eftirlit með starfsemi .....                               | 17 |
| SAMANTEKT .....                                            | 20 |

Í júní og júlí 2014 var framkvæmd viðhorfskönnun meðal foreldra barna sem nýttu sér þjónustu dagforeldra í Reykjavík. Þetta er í fimmta skiptið sem viðhorfskönnun hefur verið gerð meðal foreldra yngstu barnanna en sú fyrsta var gerð árið 2006.

Markmið könnunarinnar var að kanna viðhorf foreldra til þjónustu dagforeldra og þjónustu Reykjavíkurborgar við þennan málaflokk. Send 879 var út beiðni um þátttöku á netfang foreldra sem voru með barn sitt hjá dagforeldri í 3 mánuði eða lengur veturinn 2013 -2014. Var listi yfir börn hjá dagforeldrum í maí 2014 notaður sem grunnur en þá voru alls 879 börn skráð. Svarhlutfall í könnuninni var mjög gott eða 63%.

**Tafla 1. Svarhlutfall**

|                                     |     |
|-------------------------------------|-----|
| Fjöldi barna hjá dagforeldrum í maí | 879 |
| Fjöldi svara                        | 554 |
| Svarhlutfall                        | 63% |

### Svarendur

Alls tóku 554 foreldrar barna hjá dagforeldrum þátt í könnuninni. Mun færri *feður* en *mæður* svöruðu könnuninni en feður voru um 25% eins og tafla 2 sýnir. Hefur hlutfall feðra sem taka þátt sveiflast nokkuð milli ára og eru feður í hópi svarenda nær helmingi færri nú en árið 2012. Hærra hlutfall mæðra í könnuninni getur skýrst af því að mun algengara var að netfang móður var skráð í skráningarkerfi fyrir dagforeldra en alltaf var send beiðni um þátttöku á netfang föður, ef það var til staðar. Sjá má í töflum 3 og 4 að svarendur voru flestir *háskólamenntaðir* eða rúm 62% og tæp 84% voru *giftir* eða *í sambúð*.

Tafla 2. Svarendur

|            | Fjöldi | Hlutfall (%) |
|------------|--------|--------------|
| Móðir      | 414    | 75,1         |
| Faðir      | 137    | 24,9         |
| Alls       | 551    | 100          |
| Svara ekki | 3      |              |

Tafla 3. Menntun

|                  | Fjöldi | Hlutfall (%) |
|------------------|--------|--------------|
| Grunnskólanám    | 60     | 10,8         |
| Starfsnám/Iðnnám | 60     | 10,8         |
| Stúdentspróf     | 67     | 12,1         |
| Háskólanám       | 345    | 62,4         |
| Annað            | 21     | 3,8          |
| Alls             | 553    | 100,0        |
| Svara ekki       | 1      |              |

Tafla 4. Hjúskaparstaða

|                      | Fjöldi | Hlutfall (%) |
|----------------------|--------|--------------|
| Gift/ í sambúð       | 460    | 83,8         |
| Einhleyp(ur)         | 80     | 14,6         |
| Annað/Vil ekki svara | 9      | 1,6          |
| Alls                 | 549    | 100,0        |
| Svara ekki           | 5      |              |

Foreldrarnir voru spurðir hvaða ár barn þeirra væri fætt og voru flest fædd 2012 eins og sjá má í töflu 5. Langflest börnin höfðu verið í daggæslunni í 12 mánuði eða styttra en stór hluti eða um 37% hafði verið í 10 til 12 mánuði í daggæslunni sem tafla 6 sýnir.

**Tafla 5. Fæðingarár barnanna**

|            | Fjöldi | Hlutfall (%) |
|------------|--------|--------------|
| 2014       | 1      | 0,2          |
| 2013       | 207    | 37,7         |
| 2012       | 333    | 60,7         |
| 2009-2011  | 8      | 1,5          |
| Svara ekki | 5      |              |

**Tafla 6. Reynsla af daggæslunni**

|                       | Fjöldi | Hlutfall (%) |
|-----------------------|--------|--------------|
| 1-2 mánuðir           | 56     | 10,1         |
| 3-6 mánuðir           | 115    | 20,8         |
| 7-9 mánuðir           | 113    | 20,4         |
| 10-12 mánuðir         | 206    | 37,2         |
| 13 mánuðir eða lengur | 64     | 11,6         |
| Alls                  | 554    | 100,0        |


Einnig voru foreldrar spurðir í hvaða hverfi borgarinnar þeir bjuggu og voru svörin flokkuð eftir skiptingu í þjónustuhverfi Reykjavíkurborgar. Flestir foreldranna sem tóku þátt bjuggu í Árbæ/Grafarholti eða Laugardal/Háaleiti eða um 20% í hvoru hverfi. Eins voru foreldrar spurðir í hvaða hverfi borgarinnar dagforeldrið starfaði og í töflu 7 má sjá að flestir nýttu þjónustu dagforeldris í sama hverfi og þeir bjuggu eða frá 44% í 86%. Flestir sem bjuggu í Breiðholti og Grafarvogi nýttu sér oftast dagforeldri í hverfinu en fæstir í Vesturbæ og Miðborg/Hlíðum. Þar sóttu foreldrar helst til dagforeldra í nærliggjandi hverfum s.s. Laugardal/Háaleiti.

**Tafla 7. Búseta foreldra og dagforeldra**

| Búseta foreldra       | Búseta dagforeldris |            |                       |                |                    |          |
|-----------------------|---------------------|------------|-----------------------|----------------|--------------------|----------|
|                       | Árbæ-Grafarholti    | Breiðholti | Grafarvogi-Kjalarnesi | Miðborg-Hlíðum | Laugardal-Háaleiti | Vesturbæ |
| Árbæ-Grafarholti      | 73%                 | 5%         | 12%                   | 0%             | 7%                 | 0%       |
| Breiðholti            | 6%                  | 85%        | 2%                    | 0%             | 4%                 | 1%       |
| Grafarvogi-Kjalarnesi | 3%                  | 10%        | 86%                   | 0%             | 0%                 | 0%       |
| Miðborg-Hlíðum        | 5%                  | 6%         | 3%                    | 44%            | 28%                | 3%       |
| Laugardal-Háaleiti    | 5%                  | 7%         | 2%                    | 4%             | 77%                | 3%       |
| Vesturbæ              | 2%                  | 3%         | 0%                    | 6%             | 28%                | 46%      |

Að meðaltali nýttu 51% foreldra þjónustu dagforeldra í sínu búsetuhverfi en 32% voru með barn sitt í daggæslu í öðru hverfi, en þeir bjuggu eða störfuðu í. Þetta eru svipaðar niðurstöður og árið 2012.

Þeir sem voru með barn sitt í daggæslu í öðru hverfi en því sem þeir bjuggu í voru spurðir hvort að þeir hefðu kosið dagforeldri í sínu búsetuhverfi. Rúmlega helmingur foreldra svaraði því játandi að þeir hefði kosið það en tæplega þriðjungur fannst það ekki skipta máli eða vissi það ekki. Á mynd 1 sést að þetta eru svipaðar niðurstöður og fyrri ára þó að það hafi verið ívið fleiri sem hefðu kosið dagforeldri í sínu hverfi árið 2008.



Mynd 1. Hefðir þú frekar kosið dagforeldri í hverfinu sem þú býrð í?<sup>1</sup>

## Val á dagforeldri

Mjög misjafnt var hvenær foreldrar hófu leit að dagforeldri, eins og tafla 8 sýnir, en í flestum tilvikum voru börnin á aldrinum 1-6 mánaða eða um 68%. Fleiri hófu þannig leitina fyrr en árið 2012 þegar 48% byrjuðu fyrir 6 mánaða aldur.

Tafla 8. Aldur barns þegar leit að daggæslu hófst

|                   | Fjöldi | Hlutfall (%) | Hlutfall 2012 |
|-------------------|--------|--------------|---------------|
| 1-3 mánaða        | 207    | 38,3         | 28,0          |
| 4-6 mánaða        | 163    | 30,2         | 20,0          |
| 7-9 mánaða        | 100    | 18,5         | 22,0          |
| Eldri en 9 mánaða | 70     | 13,0         | 20,0          |
| Alls              | 540    | 100,0        | 100,0         |

<sup>1</sup> Í könnuninni 2008 voru svarmöguleikarnir já, nei/skiptir ekki máli og veit ekki.

Almennt séð hófu börnin vistun örlítið seinna núna en árið 2012, en flest börn hófu vistun hjá dagforeldri þegar þau voru 10-12 mánaða. Þeim börnum hefur þó fækkað milli ára sem hefja vistun eldri en 12 mánaða.

**Tafla 9. Aldur barns þegar barn hóf vistun í daggæslu**

|                    | Fjöldi | Hlutfall (%) |
|--------------------|--------|--------------|
| 4-6 mánaða         | 19     | 3,5          |
| 7-9 mánaða         | 159    | 29,0         |
| 10-12 mánaða       | 272    | 49,5         |
| Eldri en 12 mánaða | 99     | 18,0         |
| Alls               | 549    | 100,0        |

Foreldrar voru spurðir hvort að barn þeirra hefði dvalið hjá öðru dagforeldri eða á leikskóla áður en það hóf núverandi vistun en 91% svarenda voru með barnið í sinni fyrstu daggæslu.


Flestir foreldrar fengu upplýsingar um sitt dagforeldri hjá vinum, kunningjum eða fjölskyldunni eða 38% aðspurðra. Um 23% nefndu heimasíðu skóla- og frístundasviðs og 14% heimasíðu þjónustumiðstöðva. Foreldrar fengu einnig upplýsingar um dagforeldra í gegnum aðra foreldra og nokkuð margir höfðu nýtt sér þjónustu dagforeldrisins áður.



**Mynd 2. Hvar fékkst þú upplýsingar um dagforeldrið sem barnið dvelur hjá núna?<sup>2</sup>**

<sup>2</sup> Merkja mátti við allt sem við átti og því er samanlagt hlutfall hærra en 100%.

Þegar foreldrar voru beðnir að merkja við nokkrar staðhæfingar um upphaf vistunar barnsins kom í ljós að flestir foreldrar, eða 86%, skrifuðu undir dvalarsamning hjá dagforeldrinu. 79% foreldra fengu afrit af dvalarsamningi og 74% fengu kynningu hjá dagforeldri um reglur á niðurgreiðslum frá Reykjavíkurborg. Margir fengu upplýsingar um frídaga og veikindadaga en minna en helmingur kynnti sér hvort dagforeldri væri með gilt starfsleyfi eins og sjá má á mynd 3.




### Mynd 3. Hvað af eftirfarandi átti við þegar barið hóf vistun?

Þegar foreldrar voru spurðir hvort að þeim hafi fundist þeir þurfa á meiri stuðningi að halda við val á dagforeldri neituðu langflestir því eða um 82% og eru það aðeins færri en í könnun frá 2012. Það helsta sem foreldrar hefðu viljað fá hjálp við í upphafi var auknar upplýsingar um skyldur dagforeldra, frí- og veikindi og aðrar reglur dagforeldra og kjör.


Foreldrar gagnrýndu heimasíður Reykjavíkurborgar fyrir ekki nægilega ýtarlegar upplýsingar og að það hefði verið erfitt að fá samband þegar þeir hringdu í þjónustuver eða á þjónustumiðstöðvar. Einnig var nefnt að það væri gott að geta skoðað ítarlegri upplýsingar um dagforeldra s.s. aldur, starfsaldur, verðskrá, umsagnir og áherslur daggæslunnar í leik og umönnun áður en farið væri í heimsóknir.

Það var algeng skoðun að foreldrum þætti þeir ekki hafa raunverulegt val á plássi í daggæslu og þyrftu að taka fyrsta pláss sem byðist en um 60% sögðust hafa úr of fáum dagforeldrum að velja.



**Mynd 4. Við val á dagforeldri hafðir þú úr mörgum eða fáum dagforeldrum að velja?**


Því voru það um 60% foreldra gerðu engan samanburð eða heimsóttu fleiri dagforeldra, en þá sem þeir fengu vist hjá fyrir barn sitt. Af þeim sem gerðu einhvern samanburð skoðuðu flestir einungis *tvo* dagforeldra eða tæplega fjórðungur foreldranna.



**Mynd 5. Gerðir þú samanburð og/eða heimsóttir dagforeldra til að velja úr þann sem féll best að þínum óskum?**


## Viðhorf til fyrirkomulags á daggæslu yngstu barnanna

Um 43% foreldra sögðust frekar hafa kosið að fá vistun fyrir barn sitt í leikskóla heldur en hjá dagforeldri. Þetta er heldur lægra hlutfall en árið 2012 þegar það var 54% eins og sjá má á mynd 6. Um 5% hefðu frekar kosið annars konar vistun eins og t.d.ungbarnaleikskóla sem væri sérstaklega sniðinn að þörfum ungra barna frá 9-18 mánaða.



Mynd 6. Hefðir þú frekar kosið vistun í leikskóla í stað dagforeldris?

Þeir foreldrar sem sögðu sitt fyrsta val vera dagforeldri voru spurðir nánar út í hvers vegna. Helstu ástæðurnar má sjá á mynd 7. Þeim fannst flestum nánara og heimilislegra umhverfi hjá dagforeldri, alltaf sama manneskjan sem hugsar um barnið og barnið of ungt fyrir leikskóladvöl. Einnig fannst foreldrum það kostur við dagforeldrafyrirkomulagið að færri börn væru í vistun með barninu þeirra. Í könnun frá 2012 var aðalástæðan sú að barnið of ungt til leikskóladvalar.




Mynd 7. Hvers vegna vildir þú frekar vistun hjá dagforeldri en í leikskóla?<sup>3</sup>

<sup>3</sup> Tilgreina mátti fleiri en eitt atriði og því er samanlagt hlutfall hærra en 100%.

Annað sem foreldrar nefndu sem ástæður fyrir því að vilja dagforeldri voru t.d. tengsl við dagforeldri vegna eldri systkina, dagforeldrar væru með frjálsara skipulag og að auðveldara væri að sinna þörfum svo ungra barna í minni einingu en leikskólar væru. Foreldrum fannst þeir ekki upplifa val á gæsluúrræðum þar sem ungbarnaleikskólinn sem þeir sóttu um í var með langan biðlista.

Eins voru þeir foreldrar sem sögðust frekar hafa kosið leikskóla en vistun hjá dagforeldri spurðir nánar út í það. Helsta ástæðan sem nefnd var snéri að kostnaði, það væri ódýrara en að hafa barn hjá dagforeldri eins og mynd 8 sýnir. Nokkur breyting hefur orðið á svörum við þessari spurningu miðað við fyrri kannanir hvað snertir mikilvægi dagskipulags, örvunar og útivistar.




**Mynd 8. Hvers vegna hefðir þú frekar kosið vistun í leikskóla en hjá dagforeldri?**

Foreldrar voru beðnir að nefna annað sem þeim fannst betra við leikskólann og nefndu foreldrar aðallega öryggisþáttinn í leikskólanum og eftirlit með barninu, meira val um vistunartíma, meiri útivist fyrir börnin, hollari matur, fleira starfsfólk og fleiri börn, fjölbreyttara umhverfi, barnið væri ekki inni á einkaheimili einhvers eða inni á gafli hjá ókunnugum. Einnig nefndu foreldrar að leikskóli henti betur vinnutíma foreldra, meira gagnsæi í biðlistum barna og meira faglegt starf með börnunum.

Í almennum athugasemdum kom fram að foreldrum fannst mikilvægt að hafa meira val um gæslu fyrir börnin eins og að daggæsla hjá dagforeldrum væri betur tryggð, t.d. að dagforeldrar gætu ekki hætt umsvifalaust eða að til væri afleysing í hverfinu. Einnig þyrfti


að huga að því að það væri næg afleysing í leikskóla auk þess sem það kom fram að það ætti að vera valkostur að vera lengur heima með sín börn.

Foreldrarnir voru spurðir hvort að þeir væru tilbúnir að greiða svipað gjald og hjá dagforeldri ef barnið þeirra kæmist fyrr inn í leikskóla en gjaldið myndi svo lækka eftir því sem barnið yrði eldra. Á mynd 9 má sjá að um 35% foreldra var tilbúið að greiða svipað gjald og hjá dagforeldri ef barnið kæmist fyrr inni í leikskóla en 37% sögðust mögulega vera tilbúin til þess. Um þriðjungur foreldra var mótfallinn þessari hugmynd. Niðurstöður úr könnun 2012 voru svipaðar og nú.




**Mynd 9. Værir þú tilbúin/n að greiða svipað gjald og hjá dagforeldri ef barnið þitt kæmist fyrr inn í leikskóla?**

Foreldrar voru spurðir á hvaða aldursbili þeim fyndist þjónusta leikskóla henta best. Á mynd 10 kemur fram að um 86% svarenda töldu að þjónusta leikskóla ætti að hefjast þegar börnin hafa náð 18 mánaða aldri. Um 84% töldu þjónustu dagforeldra henta best börnum 18 mánaða og yngri.



**Mynd 10. Á hvaða aldri ættu börn að hefja leikskólagöngu?**

Foreldrar voru spurðir um viðhorf sitt til þess þegar dagforeldrar vinna tveir saman og voru þeir mjög jákvæðir gagnvart því eða 76% þeirra. Aðeins 3% foreldranna taldi slíkt fyrirkomulag neikvætt eins og sést á mynd 11.




**Mynd 11. Hvað finnst þér um að dagforeldrar vinni tveir saman við daggæslu?**

Þeir foreldrar sem sögðu að þeim þætti jákvætt að dagforeldrar séu tveir saman með daggæslu töldu það vera aukið öryggi þar sem tveir aðilar fylgjast með börnunum, en einnig ef skyndileg veikindi eða slys bæri að garði. Fyrir dagforeldrana væri það meiri stuðningur og félagskapur að vera í slíku samstarfi en einnig auðveldaði það matseld og þrif. Þá nefndu foreldrar að hægt væri að vera með meira skipulag og meiri örvun, fleiri börn og meiri félagskapur. Auðveldara væri að fara út með börnin þegar tveir hjálpast að. Foreldrum fannst stuðningur dagforeldra af hvor öðrum skipta mjög miklu mál fyrir barnið þeirra þar sem álag væri dreifðara og ábyrgð ekki bara á herðum eins. Einnig nefndu foreldrar að með samstarfi tveggja dagforeldra væru færri veikindadagar dagforeldra þar sem hægt væri að dreifa betur veikindadögum á allan hópinn þannig að hvert barn væri í heildina styttra heima.

Mjög lítill hluti foreldra taldi að samstarf tveggja dagforeldra væri neikvætt en þeir voru líka spurðir nánar út í sína skoðun. Það helsta sem foreldrar nefndu var að þá væru börnin of mörg og því meiri líkur á veikindum hjá börnunum.


## Ánægja með þjónustu dagforeldra

Ánægja foreldra með þjónustu dagforeldra hefur haldist svipuð í gegnum árin en er þó heldur meiri nú í ár en áður eða 93% .



Mynd 12. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu almennt með þjónustu dagforeldrisins?

Þá voru foreldrar spurðir hversu ánægðir þeir væru með ýmsa þætti sem sneru að daggæslunni. Árið 2012 voru foreldrar ánægðastir með aðlögun barns, fæði og samskipti við dagforeldrið eða um 90% tilvika eða meira hvert. Á mynd 13 má sjá að nú í ár voru niðurstöður mjög svipaðar fyrir utan frídaga/veikindafyrirkomulag dagforeldris, sem foreldrar voru ánægðari með nú en áður. Eins og áður skar kostnaður við þjónustu dagforeldra sig úr þar sem einungis 38% foreldra voru ánægðir með hann og sama hlutfall var óánægð með hann. Í könnunum 2010 og 2008 kom einnig fram að foreldrar voru óánægðastir með kostnaðinn við þjónustu dagforeldra.



Mynd 13. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með þessa þætti hjá þínu dagforeldri?


Foreldrum var boðið að nefna annað sem þeir væru ánægðir með við þjónustu dagforeldra. Alls 196 foreldrar tjáðu sig og það helsta sem þeir nefndu var að dagforeldrar sýndu börnunum ástúð og umhyggju, væru jákvæð og yndisleg, þyki vænt um börnin, sveigjanleg og með jákvæðan aga. Einnig nefndu margir að dagforeldrar gerðu mikið með börnunum, færu oft út með börnin, væru lítið veik og væru með fjölbreytta dagskrá. Viðmót vinalegt og börnin ánægð að fara í daggæsluna.

Foreldrum var líka boðið upp á að nefna eitthvað sem þeir væru óánægðir með varðandi þjónustu dagforeldra og gerðu 122 foreldrar það. Foreldrar voru einna helst óánægðir með of löng og óskipulögð sumarfrí dagforeldra og frídaga sem komu óvænt upp á, of margir veikindadagar og almennir frídagar, daglegur vistunartími frá kl.08:00 til 16:00 væri óhentugur foreldrum sem vinna 8 klst. á dag, eða vistunartími væri stytur eftir að vistun hófst.

Nokkrar athugasemdir komu frá foreldrum um of litla örvun fyrir börnin og vildu meina að það þyrfti ekki að kosta mikið þar sem hægt væri að lesa, kenna dýranöfn og ýmis dýrahljóð og nota fjölbreyttan orðaforða, skipuleggja mætti daginn betur og taka meiri þátt í þroska þeirra og uppeldi.

Athugasemdir foreldra varðandi fæði barnana voru að það væri ekki nægilega fjölbreytt, minnka þyrfti unna matvöru, hætta með kex og saltstangir og hafa matseðil til dæmis á upplýsingatöflu fyrir foreldra. Ýmis atriði voru auk þess nefnd eins og of mikil sjónvarpsnotkun og skortur á útiveru barnanna.


Spurt var um hvort ýmis atriði væru til staðar í ytri ramma starfsins og hvernig þau þá birtust foreldrum. Á mynd 14 sést að algengast var að leyfisbréf dagforeldris væri sýnilegt foreldrum eða í um 58% tilvika á vegg/töflu, heimasíðu, afhent á blaði/í möppu eða sent í tölvupósti. Einnig var nokkuð algengt að matseðill væri sýnilegur. Að auki töldu enn fleiri foreldrar að þessi atriði væru til staðar hjá dagforeldri en ekki sýnileg. Hins vegar töldu yfir helmingur foreldra að áætlanir um hreinlæti/þrif, brunavarnir eða rýmingu daggæslunnar væru ekki til staðar hjá dagforeldri. Þessar niðurstöður eru svipaðar og árið 2012.



Mynd 14. Hvar getur þú séð þessi atriði hjá dagforeldrinu?


## Eftirlit með starfseminni

Foreldrarnir höfðu mismunandi skoðanir og þekkingu á eftirliti með störfum dagforeldra eins og sjá má á mynd 15. 19% foreldra fannst eftirlitið hæfilegt árið í ár en almennt má segja að foreldrar þekki eftirlitsferilinn of lítið. Hlutfall þeirra sem telur eftirlit of lítið heldur áfram að hækka. Engum fannst eftirlit of mikið.



Mynd 15. Finnst þér eftirlit með störfum dagforeldra vera of mikið, hæfilegt eða of lítið?

Aðeins 17% foreldra höfðu séð eða verið sagt frá niðurstöðum úr eftirlitsheimsókn frá skóla- og frístundasviði. Hlutfall foreldra sem vita ekki eða muna ekki eftir að hafa séð niðurstöður eftirlitsheimsóknar var svipaður núna og í könnun 2012 eða rúmlega 20% eins og sjá má á mynd 16.



**Mynd 16. Hefur dagforeldri sýnt þér/sagt þér frá niðurstöðum úr eftirlitsheimsókn frá skóla- og frístundasviði?**

Foreldrarnir voru spurðir hvort að þeir hefðu komið á framfæri athugasemd til þjónustumiðstöðvar eða skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar vegna þjónustu dagforeldris og höfðu langflestir eða tæp 93% ekki gert það.

Þeir foreldrar sem höfðu komið á framfæri athugasemd vegna þjónustu dagforeldri voru spurðir nánar út í hvers vegna þeir hefðu gert athugasemd.

Flestir höfðu gert athugasemd vegna veikinda- og frídaga dagforeldris, þar sem þeim fannst ósanngjarnt að greiða fullt verð fyrir of margar fjarvistir að þeirra mati. Foreldrar nefndu líka óútskýrðar hækkanir á gjaldi sem var kvartað yfir og fyrirkomulagi niðurgreiðslu. Foreldrar voru líka óánægðir með að hafa sent inn kvartanir til Reykjavíkurborgar og ekki fengið svör eða lausnir.

Í lok könnunarinnar gátu foreldrar komið á framfæri almennum athugasemdum. Alls bárust 146 athugasemdir og voru þær helst eftirfarandi: Foreldrum fannst vanta almennilegt úrræði fyrir börn frá 9-18 mánaða, þar sem mikil óvissa væri um gæslu fyrir yngstu börnin. Finna þyrfti aðrar lausnir fyrir gæslu ungra barna þar sem núverandi kerfi krefst þess að annað foreldri verði að vera í hálfu starfi og að foreldrar þurfi að byrja að leita að dagforeldri áður en barnið fæðist. Einnig komu hugmyndir um miðlægt umsóknar/innritunarkerfi fyrir dagforeldrapláss.

Fram kom að foreldrum fannst þörf á að huga enn betur að öryggisatriðum á heimili hjá dagforeldrum, bæði virkara eftirlit hjá Reykjavíkurborg eins og óvæntar heimsóknir og jafnvel að virkja foreldra til að taka þátt í eftirlitinu. Einnig mætti bæta við í eftirlitið fleiri atriðum eins og veikinda- og frítökurétti dagforeldra og skoða hvort börn eru t.d. að hætta hjá ákveðnum dagforeldrum í meira mæli en hjá öðrum.

Foreldrar töldu víða vera pott brotinn í útiverumöguleikum barna hjá dagforeldrum.

Það bar einnig mikið á því að foreldrum fannst þjónusta dagforeldra alltof dýr og fannst þeim mörgum undarlegt að leikskólagjaldið væri lægra en gæsla hjá dagforeldri og að fjórðungur launa annars foreldris færi í gæslu hjá dagforeldri.

Nokkrar athugasemdir bárust frá ánægðum og þakklátum foreldrum sem höfðu góða reynslu af dagforeldrum og þjónustu þeirra.

## Samantekt

---

Hér hefur verið lýst viðhorfum foreldra barna sem voru í daggæslu hjá dagforeldrum í Reykjavík veturinn 2013-2014.

Nú í ár hófu foreldrar leit að dagforeldri fyrr en áður en lítil breyting varð á aldri barna við upphaf vistunar. Flestir foreldrar heyrðu af dagforeldrum í gegnum vini, kunningja og fjölskylduna. Við upphaf vistunar skrifuðu tæplega 90% foreldra undir dvalarsamning en um 80% fengu afrit af honum. Eins og í fyrri könnun vildu foreldrar almennt ekki meiri aðstoð við val á dagforeldri, en þeir hefðu þó viljað fá fjölbreyttari upplýsingar um starfssemi, skyldur dagforeldra, frí- og veikindi, reglur og kjör. Fleiri foreldrum fannst þeir hafa úr fáum dagforeldrum að velja en í könnuninni frá 2012 enda gerðu um 60% foreldra engan samanburð eða heimsóttu fleiri dagforeldra við val á dagforeldri.

Að þessu sinni var sá hópur foreldra sem heldur vildi leikskólapláss fámennari en þeir sem vildu nota þjónustu dagforeldra. Foreldrum fannst þeir almennt ekki upplifa val á gæsluúrræðum þar sem langir biðlistar væru á ungubarnaleikskólanum sem þau hefðu viljað fyrir barnið.

Foreldrar voru mjög jákvæðir gagnvart því að dagforeldrar ynnu tveir og tveir saman við daggæsluna. Helstu ástæður fyrir því voru að það væri aukið öryggi, fækkaði veikindadögum dagforeldra og svo væri það meiri stuðningur fyrir dagforeldrana sjálfa sem hefði jákvæð áhrif á börnin í gæslunni.

Eins og í síðustu könnun frá 2012 var yfir 90% foreldra ánægðir með þjónustu dagforeldra. Um og yfir 90% voru ánægðir með helstu þætti gæslunnar eins og samskipti og dagskipulag. Kostnaður við dagforeldra var enn á ný það sem foreldrar voru óánægðastir með, en einnig var nokkur óánægja með vistunartíma og aðstöðu. Í opnum svörum nefndu foreldrar að helstu kostir þeirra dagforeldris væru ástúð, umhyggja, jákvæði og að þeim þyki vænt um börnin.

Algengast var eða í 41% tilvika að leyfisbréf dagforeldra væri sýnilegt foreldrum, en minna var um áætlanir um þrif og hreinlæti, brunavarnir og rýmingu. Matseðill var sýnilegur 37% foreldra. Fáum foreldrum hafði verið sagt frá eftirlitsheimsóknum frá skóla- og frístundasviði og þekking á eftirlitsferlinum var almennt mjög lítil.